



# Ístak byggir Hús íslenskunnar

Í dag var undirritaður samningur vegna Húss íslenskunnar.

Undirritunin fór fram á verkstað og voru það þau Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Guðrún Ingvarsdóttir forstjóri Framkvæmdasýslu ríkisins

og Karl Andreassen framkvæmdastjóri ÍSTAKS sem undirrituðu samninginn.

ÍSTAK hefur nú þegar hafið vinnu á svæðinu og undanfarnar vikur hefur vinna við grunninn verið í fullum gangi.

Hús íslenskunnar mun hýsa fjölbreytta starfsemi Stofnunar Árna

Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Það

verður á þremur hæðum auk kjallara undir hluta hússins og opins bílakjallara.

Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með byggingu hússins, ÍSTAK

er aðalverktaki þess og verkfræðistofan Efla hefur með höndum

framkvæmdaeftirlit og byggingastjórn. Aðalhönnuðir byggingarinnar eru

Hornsteinar arkitektar ehf.



Frá undirritun samningsins á verkstað.